

36 Fyrirspurnum landlæknis um heilsufar í símskeytum skal svara
14. júní samdægurs eða á næturfresti.

2. gr.

Nú vanrækir læknir að senda fyrirskipaðar skýrslur í tæka tíð, og getur þá dómsmálaráðherra, eftir tillögum landlæknis, látið þann lækni sæta dagsektum, 5 kr. fyrir hvern dag, er líður fram yfir settan frest, sbr. 1. gr.

Þessar sektir má taka lögtaki og skal sektarféð renna í „Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

37
14. júní

L Ö G

um

héraðsskóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Laugum í Reykjadal, Hvítárbakka í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu. Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga nema samþykki stofnenda komi til.

Heimilt er að flytja héraðsskóla úr stað fyrir forgöngu skóla-
nefndar og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar og erfir þá hinn nýi skóli skyldur og réttindi eldri skólans eftir því sem fyrir er mælt í lög-
um þessum. 37
14. júní

2. gr.

Héraðsskólar eru samskólar pílta og stúlkna. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær né fleiri en þrjár. Námsgreinar og kennslufyrirkomulag skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Tilgangur héraðsskólanna er að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk líf skjör með bóknámi, vinnukennslu og íþróttum. Skal í yngri deild meir lögð áherzla á ýms fræði, leikni og tækni, sem nauðsynleg er til sjálfsnáms, en í eldri deild á sjálfsnám og iðju, eftir því sem hæfileikar og áhugi bendir til. Undanþágu má veita nemendum í einstökum greinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar. Útivist skulu nemendur hafa og íþróttaiðkanir daglega.

4. gr.

Námstíminn í aðaldeildum héraðsskóla má ekki vera skemmri en 6 mánuðir ár hvert og kennslustundir hvers reglulegs nemanda eigi færri en 6 á degi hverjum, eða sem því svarar, þegar um ræðir nemendur, sem meir starfa á eigin hönd. Próf skal halda í lok hvers skólaárs. Tveir prófdómendur skulu vera við hvern skóla, skipaðir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Frá 1. janúar 1930 skal þriggja eða fimm manna skólanefnd hafa umsjón og stjórn hvers héraðsskóla undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar. Fræðslumálastjórnin skipar formann, en félag stofnenda kýs tvo eða fjóra skólanefndarmenn, þar til félag gamalla nemenda, öðlast rétt til kosninga og neytir hans. Þá skulu félög stofnenda og gamalla nemenda, hvort um sig, kjósa jafnmarga skólanefndarmenn. Rétt til að kjósa skólanefndarmenn öðlast félag gamalla nemenda, þegar héraðsskóli hefir starfað í sex ár, enda sé í félaginu að minnsta kosti þriðjungur þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í skólanum síðustu fjögur árin. Árgjald í félagi gamalla nemenda má ekki vera lægra en fimm krónur. Skólanefndarmenn skulu skipaðir og kosnir til þriggja ára í senn. Nánari fyrirmæli um félag stofnenda og gamalla nemenda og um kosningu í skólanefnd skulu sett í reglugerð. Nú leikur vafi á um rétt manns eða félags til að vera í félagi stofnenda, og sker þá fræðslumálastjórnin úr.

37

14. júní

6. gr.

Nú legst félag gamalla nemenda niður um lengri eða skemmri tíma, og kýs þá félag stofnenda alla skólanefndarmenn nema formann, en ef félag stofnenda legst niður, þá fellur kosningarréttur þess til sýslunefndar þeirrar sýslu, þar sem skólinn er rekinn, eða sýslunefndar þeirra sýslna, sem standa að skólanum. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um rétt sýslunefnda til þátttöku í skólanefndarkosningum og setur reglur um þær.

7. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti,
2. að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólastjóri getur og með samþykki skólanefndar sagt kennara upp með 6 mánaða fyrirvara,
3. að ákveða laun skólastjóra og kennara,
4. að hafa á hendi yfirstjórn allra fjármála skólans,
5. að gera ásamt skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, er fræðslumálastjórnin samþykkir,
6. að sjá um samningu skýrslna um kennslu og próf, er fræðslumálastjórnin fyrirskipar,
7. að ákveða um önnur efni, er skólann varða, þegar skólastjóri óskar.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 kr. í árlegan rekstrarkostnað til hvers héraðsskóla fyrir fyrstu 15—20 reglulega nemendur í skólanum, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því.

9. gr.

Kennslugjald hvers nemanda skal vera 60 krónur vetrarlangt.

10. gr.

Nú eru haldin námsskeið við héraðsskóla í bóklegum og verklegum efnum eða íþróttum eigi skemur en þrjár vikur og kennsla sex stundir á dag eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 krónur fyrir nemanda fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda greiði hann í kennslugjald fyrir sama tíma að minnsta kosti 2 krónur.

11. gr.

Ríkisstyrk og skólagjöldum má eigi verja til annars en rekstrar skólans.

12. gr.

37

Nú fækkar nemendum héraðsskóla um þriðjung eða meira frá 14. júní meðaltali síðustu 3 ára fyrir ósjálfráð atvik, sem þó eru ekki þess eðlis, að ástæða sé til að leggja skólann niður, og má þá greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjórnarinnar, allt að því, sem nemur meðaltali þeirra ára. Þessi undanþága gildir þó eigi lengur en 2 ár.

13. gr.

Reikningar hvers héraðsskóla skulu árlega sannprófaðir af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af félagi stofnenda til 3 ára í senn, en hinn tilnefndur af fræðslumálastjórninni til sama tíma.

14. gr.

Árlega skal birta skýrslu um starf og rekstur hvers héraðsskóla, svo og um efnahag skólans, undirritaðar af endurskoðendum.

15. gr.

Stofnkostnaður héraðsskóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögunum, enda sé tryggt framlag á móti.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.